

Reykjavík, 17.01.2006

Kæri félagi í Verkfræðingafélagi Íslands.

Nú fer í hönd afdrifaríkasta allsherjaratkvæðagreiðsla sem fram hefur farið í VFÍ. Ég vil því biðja þig að hugsa þig vel um og skoða eftirfarandi atriði þegar þú gerir upp hug þinn:

- Endurskoðandi félagsins telur lítil sem engin samlegðaráhrif við fyrirhugaða sameiningu.
- Félagsgjald VFÍ félaga hækkar við sameininguna um 30% m.v. núverandi forsendur.
- Verkfræðingafélagið á miklar eignir sem ganga inn í nýtt félag. Félagið á Engjateig 9 og hluta í Engjateigi 7. Tekjur af eignarhluta félagsins í Engjateigi 7 hafa nýst til niðurgreiðslu félagsgjalda. Árið 2004 námu þær 4,4 m. kr., eða rúmlega 31% af félagsgjöldum.
- Hagsmunir fagfélags og stéttarfélags geta sem hægst rekist á.
- SV og VFÍ veita sínum félagsmönnum fyrirmyndarþjónustu í dag.
- Góð samvinna er milli félaganna þriggja og sátt meðal félagsmanna með núverandi fyrirkomulag.
- Ekkert er því til fyrirstöðu að félögin þrjú boði til sameiginlegs ársþings þó þau sameinist ekki.
- Núverandi fyrirkomulag tryggir að félagsmenn geti valið þá þjónustu sem hver og einn hefur þörf fyrir og áhuga á.
- Margir félagsmenn í VFÍ eru í starfi sínu skyldugir til að vera í öðrum stéttarfélögum en SV, þeir koma því til með að greiða í tvö stéttarfélög ef af sameiningu verður. Má þar nefna forstöðumenn ríkisstofnana, háskólakennara og fl., auk þess sem sumir telja hag sínum best borgið utan stéttarfélaga.
- Þeim verkfræðingum sem vinna hjá hinu opinbera ber skylda til þess að vera í SV, en sumir þeirra hafa valið að standa utan VFÍ. Þeir verða fyrir umtalsverðri hækkun félagsgjalda við sameiningu.
- Meðal markmiða núverandi VFÍ eru:
 - að efla verkfræðilega og vísindalega þekkingu félagsmanna,
 - að auka álit verkfræðilegrar og vísindalegrar menntunar,
 - að gæta hagsmuna stéttarinnar í hvívetna.Er þessum markmiðum betur náð með fyrirhugaðri sameiningu?
- Ef af fyrirhugaðri sameiningu verður er nánast ógjörningur að snúa til baka.
- Ef af fyrirhugaðri sameiningu verður er hætt við að einhverjir verkfræðingar segi sig úr félaginu.
- Er öruggt að því stærra félag því betra?

Ég skora á alla félagsmenn að greiða atkvæði. Hægt er að skila auðu ef menn eru á báðum áttum.

Bestu kveðjur, Ólafur Pétur Pálsson

Meðstjórnandi í VFÍ, meðstjórnandi í vélaverkfræðideild VFÍ frá okt. 2005, formaður útgáfunefndar VFÍ, fulltrúi VFÍ í blaðnefnd Verktækni og fyrrv. form. árhátíðarnefndar VFÍ